



Berist til nefndasviðs Alþingis,

Reykjavík 3. maí. 2018
R18040162
USK2018040048

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frá nefndasviði Alþingis þingsályktunartillaga um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum 2018-2029 (479. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur barst frumvarpið til umsagnar.

Landsáætlun þessi gildir til tólf ára og er sú fyrsta sem er unnin eftir að *ný lög um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja (nr. 20/2016)* tóku gildi. Landsáætlunin felur í sér að unnin sé reglulega þriggja ára verkefnaáætlun þar sem tilgreint er hvaða verkefni hverju sinni verða fjármögnuð. Sú áætlun er ekki hluti af þessari þingsályktunartillögu en umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt drög að verkefnaáætlun fyrir árin 2018-2020 fyrir á þessu ári.

Umhverfis- og skipulagssvið veitti umsögn um bæði frumvarp að lögunum þann 2. október 2015 sem og um drög að verkefnaáætlun fyrir 2017, og er sú umsögn frá 1. nóvember 2016.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (hér eftir USKR) fagnar því mjög að málefni ferðamannastaða og viðkvæmra náttúru- og menningarminja, sem víða stendur ógn af mikilli og oft illa stýrðri umferð ferðamanna, séu komin í skýran stefnumótandi farveg með tilkomu nýrrar **landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum**. Landsáætlunin er afar ítarleg og metnaðarfull og skilmerkilega er tekið á helstu þáttum er málið varðar þ.e.a.s. verndun náttúru og menningarsögulegra minja, sjálfbær stýring ferðamanna, öryggismál og ekki síst skipulag og hönnun nauðsynlegra innviða. Afar jákvætt er að sveitarfélög hafa getað tekið þátt í vinnu við gerð landsáætlunar í gegnum aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Almennt gerir USKR ekki efnislegar athugasemdir við áherslur og áætlanir þær sem koma fram í landsáætluninni en vill benda á að þegar kemur að því að vinna mikilvæga greiningarvinnu sem er talin forsenda fyrir frekari ákvarðanatöku t.d. greining á álagi og ástandi, stöðu öryggismála o.fl. að horft sé til samstarfs og samráðs við sveitafélög. Í slíku felast ýmis tækifæri sem geta auðvaldað og hraðað greiningarvinnunni, en þá er mikilvægt að leiðbeiningar og markmið séu skýr. Þá liggur í augum uppi að samstarf þarf að vera um hvernig best sé að aðlaga markmið og áætlanir um ferðamannastaði inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

USKR gerir þó eina athugasemd sem varðar stöðu ferðamannastaða í þéttbýli. Í umsögn sinni um lagafrumvarpið frá 2. október 2015 gagnrýndi USKR óljósa og víðtæka skilgreiningu á hugtakinu „ferðamannastaður“ og taldi skilgreininguna gera gildissviðið óljóst. Engin breyting var gerð á þessari skilgreiningu við samþykkt laganna og því staðan þannig að skilgreiningin í landsáætluninni er jafn óljós og áður. Vill USKR benda á þetta aftur því staða



ferðamennsku í þéttbýli og þeirra svæða sem ferðamenn heimsækja þar hefur verið og er líkleg til að verða áfram veik í samanburði við staði í dreifbýli. Það getur nefnilega reynst erfitt að skilgreina mörk og eiginleika náttúru- og menningarsögulegra minja í þéttbýli þar sem manngert umhverfi getur samtinnast við slíkar minjar auk þess sem slíkir staðir sinna öðrum hlutverkum t.d. sem útivistarsvæði fyrir íbúa. Reyndar vantar almennt að skilgreina í bæði lögin og landsáætlunina betur hvað telst til menningarsögulegra minja. Væntanlega teljast friðuð mannvirki þar undir miðað við tillögur að verkefnum á verkefnaáætlun 2018-2020 (t.d. Keldur á Rangárvöllum og Teigarhorn).

Þessi staða ferðamannastaða í þéttbýli er afar mikilvægt atriði að mati USKR. Margir þeirra eru mjög mikið sóttir af ferðamönnum og oft er um „hulda ferðamennsku „ að ræða þ.e.a.s. staðirnir ekki vel kunnugir ferðamannastaðir í almennu tali og alls ekki auglýstir sem slíkir en eru mikið notaðir af aðilum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir ferðafólk. Þar má nefna norðurljósaferðir, fjórhjólaferðir, hestaferðir o.s.f.v. Þessum ferðum getur fylgt mikið álag og innviðir eins og stígar, áfangastaðir, skilti o.fl. oft lítið eða illa skilgreind eða jafnvel ekki til staðar.

Þetta skiptir máli því eins og USKR hefur bent á áður t.d. í umsögn frá 1. nóvember 2016 um verkefnaáætlun fyrir árið 2017, að þá hafa Reykjavíkurborg og reyndar mörg önnur þéttbýlissveitarfélög lítið fengið af opinberu styrkfé undanfarin ár fyrir innviðauppbyggingu ferðamannastaða, jafnvel þótt um 90% allra ferðamanna sem koma til landsins dvelja í borginni í styttri eða lengri tíma. Því miður virðist lítil breyting verða á þessu miðað við þau drög að verkefnaáætlun fyrir 2018-2020 sem kynnt voru á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrr á þessu ári en þar voru engin verkefni á höfuðborgarsvæðinu að fá styrk fyrir innviðauppbyggingu. Þetta er alvarlegt að mati USKR og má alls ekki verða að meginreglu því á höfuðborgarsvæðinu eru fjölmörg friðlýst svæði sem og svæði undir annars konar vernd (t.d. á náttúruminjasrá eða hverfisvernd) en líka svæði án verndar sem engu að síður eru undir álagi vegna ferðamennsku og þar sem mikilvægar náttúru- eða menningarsöguminjar finnast. Tilfni til að styrkja innviði á þessum svæðum eru því ekki síðri en í dreifbýli.

Almennt vekur athygli í verkefnaáætlun fyrir 2018-2020 að afar fá verkefni á ferðamannastöðum sem eru í umsjón sveitarfélaga fá styrk. USKR tekur undir athugasemdir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi þetta atriði sem birtast í umsögn þeirra frá 8. mars síðastliðnum. Jafnframt, eins og einnig kemur fram í umsögn sambandsins, þá bindur USKR vonir við að við þær breytingar sem orðið hafa á fyrirkomulagi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í kjölfar tilkomu innviðalaganna og nýju landsáætlunarinnar, leiði til þess að fleiri verkefni á vegum sveitarfélaga fái styrk úr sjóðnum. Ekki hefur verið tilkynnt um fjárveitingar úr sjóðnum fyrir 2018 og því ekki vitað hvort staða þéttbýlisverkefna hafi breyst frá fyrri fjárveitingum. USKR vonar að svo verði og að staðan batni til muna á næstu árum því þörfin er sannarlega fyrir hendi.

Þessar athugasemdir og áhyggjur varðandi stöðu þéttbýlisferðamannastaða og skort á fjárveitingum eiga kannski ekki beint við um efni landsáætlunar heldur um verkefnaáætlun sem er ekki til umsagnar hér. En þar sem umfjöllun og orðalag í þingsályktunartillögunni ræðir ekki um þessi atriði og fer ekki frekar í neinar skilgreiningar á ferðamannastöðum þá er ástæða til að benda á þetta. Að mati USKR hefði t.d. mátt ræða betur í þingsályktunartillögunni hvort og þá hvernig horft væri til einhvers konar forgangsröðunar varðandi val á ferðamannastöðum fyrir innviðauppbyggingu miðað við eðli þeirra og staðsetningu t.d. með tilliti til hvort þeir séu í og við þéttbýli eða ekki. Slík forgangsröðun



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

virðist vera fyrir hendi miðað við drög að verkefnaáætlun og þá þéttbýlisstöðum ekki til tekna, en rökstuðningur hefur ekki verið skýr til þessa.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, deild náttúru og garða.



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is